

Alþingi
Erindi nr. E 140/686
komudagur 7.12.2011



Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is


Reykjavík 28. nóvember 2011
Tilv.: IRR11110269/0.13.2
Tilv. yðar: 36. mál


Efni: Umsögn innanríkisráðuneytisins um 36. mál, tillögu til þingsályktunar um styttingu þjódvegarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa sveitarstjórnarmenn í Austur-Húnavatnssýslu ávallt lagst gegn lagningu hringvegarins á Svínavatnaleið. Síðast í september 2010 höfnuðu sveitarstjórnir Blönduósþéjar og Húnavatnshrepps því að gera ráð fyrir vegi á þessum stað í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem gilda á allt til ársins 2030. Rétt er að minna á að skv. skipulagslögum fara sveitarstjórnir með skipulagsvald hver á sínu svæði.

Í ljósi þessa telur innanríkisráðuneytið ekki forsendur til þess hefja undirbúning umrædds vegar og er mótfallið efni tillögunar. Jafnframt upplýsir ráðuneytið um að tillaga að samgönguáætlun 2011-2022 verður lögð fyrir Alþingi nú á næstu dögum. Ekki er gert ráð fyrir Svínavatnsleið í henni.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Sigurbergur Björnsson